

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks

Ársskýrsla 2023



Enginn á bekknum!

Efnisyfirlit

Ágrip – Enginn á bekknum!

Stjórn

Þjálfarar og stefna

Iðkendur á öllum aldri

Aðstaða

Árangur

Bikarar

Met

Norðurlandamót í Mastersflokkum

Afreksfólkið okkar

Birna Kristín Kristjánsdóttir

Arnar Pétusson

Guðjón Dunbar Diaqou

Júlia Kristín Jóhannesdóttir

Þorleifur Einar Leifsson

Samúel Örn Sigurvinsson

Karen Sif Ársælsdóttir

Jón Bjarni Bragason

Frjálsíþróttafólk ársins

Úrvalshópur FRÍ

Mótahald

Önnur verkefni

Heiðursveitingar

Viðauki- Íslandsmeistarar Breiðabliks 2023



Ágrip - Enginn á bekknum

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks leggur metnað sinn í barna- og unglíngastarf og er eftir því tekið hversu vel er staðið að því. Auk þess býr deildin yfir íþróttafólki í fremstu röð á Íslandi og erum afar stolt af þeim. Í okkar röðum er landsliðsfólk, Íslandsmethafar og fjöldi Íslandsmeistara.

Fjöldamargir persónulegir sigrar hafa unnist á árinu en í því felst einmitt fegurðin í frjálsíþróttum. Í frjálsum er enginn á bekknum og allir fá tækifæri til að ná árangri á sínum forsendum. Hjá okkur eru iðkendur fyrst og fremst að keppa við sjálfa sig og stefnan er alltaf sett á að ná hærra, lengra og hraðar.

Breiðablik hefur það orð á sér innan frjálsíþróttahreyfingarinnar að einstök samheldni og vinátta ríki meðal okkar íþróttafólks. Blikum þykir vænt um félagið sitt og það fer ekki á milli mála. Það er mat okkar að það sé ekki síður mikilvægt en að ná góðum árangri á keppnisvöllinum. Það er markmið okkar að halda áfram að styðja við þessa menningu. Frjálsíþróttadeild Breiðabliks á sér einstaklega gott bakland sem sjá má á þeim fjölda sjálfboðaliða sem alltaf mætir og leggur hönd á plóg þegar á þarf að halda. Hvort sem um er að ræða foreldra, fyrrverandi iðkendur eða aðra velunnara. Með þennan glæsilega hóp á bak við okkur höfum við fulla ástæðu til að líta björtum augum á framtíðina.



Stjórn

Aðalfundur Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks fór fram þann 13. apríl 2023 og þar var eftirfarandi stjórn kjörin

Stjórn:

Áslaug Pálsdóttir, formaður

Anna Jónsdóttir, ritari

Helga Elísa Þorkelsdóttir, gjaldkeri

Bergþóra Guðjónsdóttir, meðstjórnandi

Gréta Björg Jakobsdóttir, meðstjórnandi

Steinþór Einarsson, meðstjórnandi

Fulltrúi iðkenda meistaraflokks var Markús Birgisson

Varastjórn:

Geirlaug Geirlaugsdóttir

Bjarki Rósantsson

Stjórn Frjálsíþróttadeildar fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði en oftast þegar þurfti.



Þjálfarar og stefna

Yfirþjálfari yngri flokka er Alberto Borges Moreno og sér hann um skipulagningu æfinga og þjálfunar 6-16 ára barna, ásamt því að vera hluti af þjálfarateymi meistaraflokks. Alberto býr yfir yfirgripsmikilli menntun og áralangri reynslu og þekkingu á sviði frjálsíþróttþjálfunar. Hann hefur náð eftirtektarverðum árangri hjá Breiðabliki og stjórnin fór þess á leit við hann að hann leiddi uppbyggingarstarf barna og unglunga hjá félaginu.

Þjálfun barna og unglunga byggist á hugmyndafræði Alþjóða frjálsíþróttasambandsins, World Athletics um krakkafrjálsar (e. Kid Athletics) og að frjálsar íþróttir verði kynntar sem úrvals tækifæri til árangurs og aukinna lífsgæða. Sérhæfing eykst með auknum aldri og þroska iðkenda. Aðstoðarþjálfari yngri flokka er Kelvin Adames. Stjórnarkonurnar Helga Elísa og Anna tóku að sér þjálfun 1.-2. bekkjar tímabundið þar sem ekki tókst að ráða þjálfara í þá stöðu.

Jón Bjarni Bragason er yfirþjálfari meistaraflokks. Jón Bjarni starfaði áður sem styrktarþjálfari og sérgreinapjálfi í kastgreinum og er menntaður á sviði íþróttufræða auk þess að búa yfir mikilli reynslu í þjálfun.

Teymi sérgreinapjálfa kemur að þjálfun meistaraflokks þar sem sérhæfing íþróttamanna er mun meiri en hjá yngri iðkendum.

Þjálfarateymi meistaraflokks 2023:

- Jón Bjarni Bragason - yfirþjálfari og styrktarþjálfun
- Arnar Pétursson - langhlaup
- Bjarki Rúnar Kristinsson - langstökk og þristökk
- Alberto Borges - fjölþraut, spretthlaup, grindahlaup og stökk
- Stefán Ragnar Jónsson - kastgreinar



Iðkendur á öllum aldri

Það er pláss fyrir alla í frjálsum og Frjálsíþróttadeild Breiðabliks býr yfirmikilli breidd iðkenda. Á árinu 2023 voru iðkendur tæplega 150 talsins allt frá 6 ára börnum upp í fullorðið afreksfólk - og sá elsti kominn yfir áttætt. Iðkendafjöldi var nánast sá sami og árið á undan.

Yngri flokkar

Frjálsíþróttadeildin leggur mikið upp úr barna- og unglíngastarfi og er mikil áhersla á að æfingar og allt utanumhald sé sem best. Æfingarnar eru faglegar og byggðar upp til þess að styrkja grunn iðkenda í íþróttinni sem og í lífinu öllu.

Uppskeruhátíð var haldin að vori þar sem yngsti hópurinn, 6-10 ára, fær að spreyta sig í keppni og svo er boðið upp á grillaðar pylsur að móti loknu. Þjálfarar deildarinnar fylgdu iðkendum á öll mót sem haldin eru af FRÍ ásamt fjölmörgum öðrum smærri mótum.

Meistaraflokkur

Í starfi meistaraflokks er lögð áhersla á faglegt og hvetjandi afreksstarf. Til að mæta þörfum hópsins varðandi aðstöðu var gerður samningur við FH og æfir meistaraflokkur því í Kaplakrika þrisvar í viku. Til að mæta þörfum þeirra sem vilja æfa en stefna ekki endilega á frama innan greinarinnar er einnig boðið upp á léttari æfingaleið með færri æfingum á viku.



Aðstaða

Á árinu er liðið 21 ár síðan deildin fékk síðast verulegar úrbætur á æfingaaðstöðu sinni með byggingu Fífunnar. Á þeim tíma var um að ræða tímamóta mannvirki, en tímarnir breytast og nú hafa risið tvær fullbúnar innanhúshallir í Hafnarfirði og Reykjavík sem því miður lokka afreksfólkið til sín. Nú er svo komið að okkar framúrskarandi barna- og unglingastarf er orðið lítið annað en uppeldisstarf fyrir önnur félög.

Inni í Fífunni er orðið mjög þröngt um iðkendur deildarinnar og aðstaðan úr sér gengin. Tartanið er orðið gamalt, búnaður farinn að láta á sjá og lyftingaaðstaðan er alls ekki boðleg, en þar er um að ræða örlitla gluggalausa kompu sem við deilum með öðrum deildum.

Æfingasvæðið er svo lítið að ekki er hægt að æfa þar allar greinar frjálsíprótta. Undanfarin ár höfum við gripið til þess ráðs að leigja aðstöðu fyrir æfingar meistaraflokks í Kaplakrika, en það hefur í för með sér mikinn kostnað, auk þess sem okkur þykir bagalegt að yngri iðkendur hafi ekki aðgang að sínum fyrirmyndum í sínu félagi og iðkendur okkar sitja undir stanslausum þrýstingi frá FH-ingum sem vilja gjarnan fá þau yfir til sín.


Tartan á hlaupabraut Kópavogsvallar er gamalt og skemmdist talsvert í framkvæmdunum 2018 þegar gervigrasið var sett á Kópavogsvöll. Æfingasvæðið í hinum svokölluðu “skotmóum” bak við stúkuna á Kópavogsvelli er gott til æfinga, en ekki löglegt til keppni sem þýðir einfaldlega að það er ekkert löglegt keppnissvæði í frjálsum íþróttum í Kópavogi.



Aðstaða

Það er algjörlega ljóst að deildin verður að fá verulegar úrbætur á innanhússaðstöðu sinni og vænlegasti kosturinn væri án efa að fá frjálsíþróttahöll með 200 m hlaupabraut sem hægt væri að nýta vel til æfinga og keppni. Reynsla annarra félaga hefur enn fremur sýnt að slík hús nýtast mörgum öðrum en eingöngu iðkendum frjálsíþróttar, t.d. fyrir hlaupahópa, þríbrautarfólk, virkni og vellíðan, skólaíþróttir o.fl. Knattspyrnudeildin fengi þá smá olnbogarymi inni í Fífu með auknu geymsluplássi og hefði enn fremur fullkomna stjórn á hitastiginu.

Utanhúss hlýtur það að vera baráttumál okkar að koma upp löglegum keppnisvelli en við vitum hins vegar alveg að slíkir hlutir taka tíma og við getum ekki verið aðstöðulaus á meðan. Við leggjum því áherslu á að skipta um tartanefnið á hlaupabrautinni og merkja brautina upp á nýtt. Með bættri aðstöðu koma fleiri iðkendur og með fleiri iðkendum kemur enn betri árangur. Þetta hefur sagan sýnt okkur. Við höfum mikinn metnað og við getum og ætlum að komist hærra, lengra og hraðar.



Árangur

Á árinu fagnaði deildin alls 73 Íslandsmeistara- og aldursflokkatitlum. Titlarnir dreifðust á 28 iðkendum auk boðhlaupssveita.

Bikarar

Breiðablik sigraði stigakeppni félaga á Íslandsmótum í sjö aldursflokkum á árinu: Innanhúss í flokki 12 ára stúlkna, 13 ára pilta, 14 ára pilta, 18-19 ára pilta og 20-22 ára stúlkna og utanhúss í flokkum 12 ára stúlkna, 14 ára pilta og 18-19 ára pilta.

Keppnin um Íslandsmeistara félagsliða 11-14 ára hefur aldrei verið jafn spennandi fyrir Breiðablik eins og hún var árið 2023. Krakkarnir okkar stóðu sig hreint ótrúlega vel og leiddu keppnina alla helgina. Því miður fór það svo að í lokagrein mótsins komst HSK fimm stigum fram úr svo Blikar urðu að gera sér annað sætið að góðu. Þetta er lang besti árangur Breiðabliks sem liðs í langan tíma, en undanfarin ár höfum við setið nokkuð kirfilega í þriðja sætinu í flestum aldursflokkum.



Árangur

Met

Á árinu féllu nokkur met, bæði mótsmet og Íslandsmet í aldursflokkum.

- Þorleifur Einar Leifsson - Íslandsmet í tugþraut U20 með sveinaáhöldum. 6491 stig
- Júlía Kristín Jóhannesdóttir - Íslandsmet U20 í 100 m grindahlaupi 13,77 sekúndur. Það er jafnframt annar hraðasti tími sögunnar hjá íslenskri konu í greininni.
- Samúel Örn Sigurvinsson - Íslandsmet U14 í 60 m hlaupi 7,39 sek. Samúel tvíbætti þetta met á árinu. Hann setti einnig mótsmet á meistaramóti Íslands 11-14 ára í 300 m hlaupi 14 ára pilta 40,98 sek.
- Arnar Pétursson - Íslandsmet í 5 km götuhlaupi karla 30-34 ára, 15:20,00. Íslandsmet í 10.000 m hlaupi karla 30-34 ára 31:22,41. Brautarmet á Íslandsmeistaramóti í hálfu maraþoni 1:08:22.
- Jón Bjarni Bragason - Íslandsmet í lóðkasti karla 50-54 ára. 17.65 m.
- Eyrún Svala Gústavsdóttir - Mótsmet á meistaramóti Íslands 11-14 ára í 400 m hlaupi 12 ára stúlkna. 66,89 sek.
- Patrekur Ómar Haraldsson - Mótsmet á meistaramóti Íslands 11-14 ára í 2000 m hlaupi 14 ára pilta. 6:54,37 sek.



Árangur

NM í Mastersflokkum

Helgina 22.-24 .febrúar fór fram Norðurlandamót í Masters „öldunga“ í frjálsíþróttum sem haldið var í Laugardalshöll. Keppendur voru frá 11 löndum í aldursflokkum frá 35-99 ára. Blikar stóðu sig frábærlega á mótinu og eignuðust níu meistara.

Flokkur 40-44 ára

Bergur Hallgrímsson fékk þrjá titla í 60 m hlaupi 7,58 sek. 200 m hlaupi 23,62 sek. og í 400 m hlaupi á frábærum tíma 51,99 sek.

Flokkur 50-54 ára

Jón Bjarni Bragason fékk tvo titla í kúluvarpi 11,78 m og lóðkasti 18,02 m. Persónuleg met í báðum greinum.

Flokkur 70-74 ára

Kristján Gissurarson fékk tvo titla í stangarstökki 2,80 m og lóðkasti 13,32 m.

Flokkur 85-89 ára

Benedikt Bjarnason fékk tvo titla í 60 m hlaupi 12,93 sek. og kúluvarpi 7,34 m.



Afreksfólkið okkar

Við í Breiðablik erum ákaflega stolt af afreksfólkinu okkar og gerum allt sem við getum til að styðja við bakið á þeim og óhætt að segja að árangurinn láti ekki á sér standa. Hér á eftir verður farið yfir helstu afrek ársins hjá okkar fremsta íþróttafólki.



BIRNA KRISTÍN KRISTJÁNSDÓTTIR

Birna Kristín byrjaði árið á að vinna Íslandsmeistaratitilinn í 60 m grindahlaupi kvenna innanhúss þegar hún hljóp á tímanum 8,69 sek. Á innanhússtímabilinu varð hún sjö sinnum Íslandsmeistari U23 og setti meistaramótsmet í langstökki innanhúss þegar hún stökk 6,11 m, sem er einungis einum sentimetra frá Íslandsmetinu í aldursflokknum.

Birna Kristín keppti fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum á Möltu þar sem hún vann til bronsverðlauna í langstökki. Auk þess var hún fulltrúi Íslands í 100 m grindahlaupi á Evrópubikarkeppni landsliða þar sem hún átti jafnframt sæti í boðhlaupssveit Íslands.



ARNAR PÉTURSSON

Árið einkenndist að miklu leyti af utanvegahlaupum hjá Arnari þar sem hann undirbjó Laugavegshlaupið og raðaði inn brautarmetum í leiðinni. Mesta afrek Arnars á árinu var þegar hann sigraði Laugavegshlaupið annað árið í röð á tímanum 4:00:46 sem er næst hraðasti tími sögunnar í þessari goðsagnakenndu braut og var innan við mínútu frá brautarmetinu.

Arnar landaði Íslandsmeistaratitli í 3000 m hlaupi innanhúss á tímanum 8:52.87 og varð einnig Íslandsmeistari í hálfu maraþoni í sumar á nýju brautarmeti 1:08:22.

Arnar keppti enn fremur fyrir hönd Íslands í 10.000 m hlaupi á Smáþjóðaleikunum á Möltu og hljóp á tímanum 31:22 Hann var einnig í landsliðsvali fyrir HM í utanvegahlaupum og NM í víðavangshlaupum en þurfti frá að hverfa vegna meiðsla

Afreksfólkið okkar



GUÐJÓN DUNBAR DIAQUOI

Guðjón var valinn í afrekshóp ungmenna hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands í upphafi árs. Til að komast í hópinn þarf þátttöku í Evrópu- eða Heimsmeistaramóti. Á meistaramóti Íslands 15-22 ára innanhúss varð hann Íslandsmeistari í langstökki og þrístökki 18-19 ára pilta. Hann stórbætti mótsmetið í þrístökki þegar hann stökk 14,38 m sem er einnig persónulegt met. Guðjón keppti í langstökki á Reykjavík International Games og keppti fyrir Íslands hönd í þrístökki á NM U20.



JÚLÍA KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR

Líkt og Guðjón var Júlía Kristín valin í afrekshóp ungmenna hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands í upphafi árs. Á árinu varð Júlía Kristín fimm sinnum Íslandsmeistari 18-19 ára stúlkna og tók auk þess einn titil í kvennaflokki í 100 m grindahlaupi utanhúss á nýju U23 meti 13,77 sek.

Júlía keppti fyrir Íslands hönd á NM U20 og Evrópubíkarkeppni landsliða þar sem hún var í boðhlaupssveit Íslands.



ÞORLEIFUR EINAR LEIFSSON

Þorleifur Einar varð Íslandsmeistari karla í stangarstökki innanhúss með stökki yfir 4,10 m. Hann tók jafnframt þrjá titla í sínum aldursflokki á árinu, þar á meðal í sjöþraut. Þorleifur keppti fyrir Íslands hönd á NM í fjölþrautum U 20 þar sem hann hafnaði í 5. sæti í tugþraut á nýju aldursflokksameti. Hann var einnig fulltrúi Íslands í stangarstökki á Evrópubíkarkeppni landsliða og á NM U20.

Afreksfólkið okkar



SAMÚEL ÖRN SIGURVINSSON

Þrátt fyrir ungan aldur er hinn 14 ára gamli Samúel Örn einn efnilegasti íþróttamaður Blika um þessar mundir. Á árinu sló hann Íslandsmetið í sínum aldursflokki í 60 metra hlaupi tvisvar sinnum og bætti 19 ára gamalt met þegar hann hljóp á tímanum 7,50 sek.



KAREN SIF ÁRSÆLSDÓTTIR

Karen Sif, sem æfir og keppir í Danmörku, kom heim í sumar og nældi sér í einn Íslandsmeisstaratitil fyrir Blika í stangarstökki, þegar hún stökk 3,42 m. Karen var einnig fulltrúi Íslands í stangarstökki í Evrópubikarkeppni landsliða.



JÓN BJARNI BRAGASON

Auk þess að þjálfra meistaraflokk er Jón Bjarni duglegur að láta til sín taka í keppni og tók m.a. þátt í EM masters sem fór fram á Ítalíu í september. Jón Bjarni keppti í kringlukasti, lóðkasti og kastþraut og hafnaði í 5. sæti í kringlu með kasti upp á 46,28 m, 4. sæti í lóðkasti með kasti upp á 17,76 m og í kastþrautinni fékk hann 3574 stig sem skilaði honum 5. sætinu.



FRJÁLSÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS

Guðjón Dunbar Diaquoi og Birna Kristín Kristjánsdóttir voru kjörin frjálsíþróttamaður og -kona Breiðabliks undir lok árs. Á uppskeruhátíð deildarinnar voru efnilegustu unglíngarnir okkar enn fremur heiðraðir, en í ár kom sá heiður í hlut Patreks Ómars Haraldssonar og Snæfriðar Eloise Rist Aubergy.

Úrvalshópur FRÍ

Árlega velur Frjálsíþróttasamband Íslands nokkur efnileg ungmenni í úrvalshóp 19 ára og yngri. Ná þarf fyrirfram ákveðnum lágmarkum í hverri grein til að tryggja sér pláss.

Á árinu 2023 áttum við Breiðablik 9 fulltrúa í hópnum. Þetta eru þau:

- Bjarni Hauksson
- Elizabet Rún Hallgrímsdóttir
- Guðjón Dunbar Diaquoi Þorsteinsson
- Júlía Kristín Jóhannesdóttir
- Katla Margrét Jónsdóttir
- Leó Þór Magnússon
- Markús Birgisson
- Róbert Elí Árnason
- Þorleifur Einar Leifsson



Mótahald

Frjálsípróttadeild Breiðabliks tekur að sér margvísleg verkefni tengd íþróttinni og er mótahald ein helsta tekjulind félagsins.

- Í mars 2023 hélt Breiðablik bikarkeppni FRÍ. Mótið var haldið í Kaplakrika og var framkvæmdin öll hin glæsilegasta.
- Haldið var vormót fyrir yngstu iðkendurna á nýja æfingasvæðinu okkar í júní. Mótið var vel sótt og endaði á uppskeruhátíð og grillveislu fyrir börnin og foreldra þeirra.
- Í júní hélt Breiðablik Meistaramót Íslands 15-22 ára á Kópavogsvelli. Mótið náði yfir þrjá daga og var vel sótt af félögum alls staðar að af landinu

Það er ljóst að starf deildarinnar gengi ekki upp án aðkomu sjálfboðaliða. Margir í baklandi Frjálsípróttadeildar eru alltaf tilbúnir að leggja sitt af mörkum þegar á þarf að halda og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það



Önnur verkefni

Frjálsíþróttadeildin tók sér ýmislegt fyrir hendur sem ekki tengist mótahaldi.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní héldum við hlaup fyrir börn bæjarins líkt og undanfarin ár. Hlaupið er hluti af hátíðardagskrá Kópavogsbæjar og var einkar vel sótt þetta árið.

Hjartadagshlaupið var haldið 24. september. Í ár voru keppendur um 150 talsins og var forseti Íslands þar á meðal. Sigurvegarar Hjartadagshlaupsins voru Nick Gísli Janssen og Guðný Petrína Þórðardóttir.

Heiðursviðurkenningar

Aðalfundur Breiðabliks var haldinn þann 10. maí sl. og við það tilefni voru nokkrir einstaklingar heiðraðir fyrir framúrskarandi og óeigingjarnt starf í þágu félagsins með nafnbótinni Silfurbliki. Í þessum góða hópi voru tvær úr frjálsíþróttafjölskyldunni okkar, þær Elsa Sif Guðmundsdóttir og Bergþóra Guðjónsdóttir. Við sama tilefni var Eiríkur Mörk Valsson sæmdur nafnbótinni Gullbliki.

Magnús Jakobsson var á árinu kjörinn heiðursfélagi ÍSÍ en viðurkenningin var veitt á 76. Íþróttapingi sambandsins. Hann þykir hafa skilað framúrskarandi starfi í þágu íþróttar og heilsueflingar fyrir land og þjóð.



Viðauki

Íslandsmeistarar Breiðabliks 2023

Nafn	Títtill	Grein	Árangur
Þorleifur Einar Leifsson	Íslandsmeistari 18-19 ára pílta	sjöþraut innanhúss	4667
	Íslandsmeistari 18-19 ára pílta	60m grind innanhúss	8,46 sek
	Íslandsmeistari 18-19 ára pílta	Stangarstökk innanhúss	4,00 m
	Íslandsmeistari Karla	Stangarstökk innanhúss	4,10 m
Birna Kristín Kristjánsdóttir	Íslandsmeistari 20-22 ára stúlkna	60 m hlaup innanhúss	7,70 sek
	Íslandsmeistari 20-22 ára stúlkna	60 m grind innanhúss	8,78 sek
	Íslandsmeistari 20-22 ára stúlkna	Hástökk innanúss	1,62 m
	Íslandsmeistari 20-22 ára stúlkna	Langstökk innanhúss	5,97 m
	Íslandsmeistari 20-22 ára stúlkna	Þristökk innanhúss	11,09 m
	Íslandsmeistari 20-22 ára stúlkna	100m utanhúss	12,50 sek
	Íslandsmeistari 20-22 ára stúlkna	langstökk utanhúss	5,92 m
	Íslandsmeistari kvenna	60m grind innanhúss	8,69 sek
Aarnar Pétursson	Íslandsmeistari Karla	3000 m hlaup innanhúss	8:52,87
	Íslandsmeistari Karla	10.000 m hlaup utanhúss	32:49,90 mín
	Íslandsmeistari Karla	Hálfmararöun	
	Íslandsmeistari Karla	Viðavangshlaup	
Sindri Magnússon	Íslandsmeistari Karla	stangarstökk utanhúss	4,32 m
Stefán Kári Smáráson	Íslandsmeistari 20-22 ára pílta	1500 m hlaup innanhúss	4:27,77 mín
	Íslandsmeistari 20-22 ára pílta	3000m hlaup innanhúss	9:32,67 mín
	Íslandsmeistari 20-22 ára pílta	1500m hlaup utanhúss	4:35,95 mín
	Íslandsmeistari 20-22 ára pílta	3000m hlaup utanhúss	9:54,03 mín
Guðjón Dunbar Diaquoi	Íslandsmeistari 18-19 ára pílta	Langstök innanhúss	6,78 m
	Íslandsmeistari 18-19 ára pílta	Þristökk innanhúss	14,38 m
	Íslandsmeistari 18-19 ára pílta	spjótkast utanhúss	44,42m
Bjarni Hauksson	Íslandsmeistari 18-19 ára pílta	Kúluvarp innanhúss	14,98 m
Júlia Kristín Jóhannesdóttir	Íslandsmeistari 18-19 ára stúlka	60m grind innanhúss	9,06 sek
	Íslandsmeistari 18-19 ára stúlka	100m utanhúss	12,44 sek
	Íslandsmeistari 18-19 ára stúlka	100m grind utanhúss	14,36 sek
	Íslandsmeistari 18-19 ára stúlka	langstökk utanhúss	5,56 m
	Íslandsmeistari 18-19 ára stúlka	kúluvarp utanhúss	11,33 m
	Íslandsmeistari kvenna	100m grind utanhúss	13,77 sek

Viðauki

Íslandsmeistarar Breiðabliks 2023

Nafn	Titill	Grein	Árangur
Karen Sif Ársælsdóttir	Íslandsmeistari kvenna	stangarstökk utanhúss	3,42 m
Andrea Odda Steinþórsdóttir	Íslandsmeistari 16-17 ára stúlkna	kringlukast utanhúss	28,01 m
Elisabet Ósk Jónsdóttir	Íslandsmeistari 20-22 ára stúlkna	200m utanhúss	27,63 sek
	Íslandsmeistari 20-22 ára stúlkna	400m grind	76,18 sek
Markús Birgisson	Íslandsmeistari 18-19 ára pilta	110m grind utanhúss	16,39 sek
	Íslandsmeistari 18-19 ára pilta	stangarstökk utanhúss	3,40m
	Íslandsmeistari 18-19 ára pilta	langstökk utanhúss	6,52
Elisabet Rún Hallgrímsdóttir	Íslandsmeistari 16-17 ára stúlka	Stangarstökk innanhúss	2,70 m
	Íslandsmeistari 16-17 ára stúlka	100m utanhúss	13,03
	Íslandsmeistari 16-17 ára stúlka	200m utanhúss	28,13
	Íslandsmeistari 16-17 ára stúlkna	stangarstökk utanhúss	2,30m
Jana Gajic	Íslandsmeistari 18-19 ára stúlka	Þristökk innanhúss	10,57 m
Bjarni Hauksson	Íslandsmeistari 18-19 ára piltar	kúluvarp utanhúss	16,95m
Berggrún Eva Björnsdóttir	Íslandsmeistari 16-17 ára stúlkna	3000m utanhúss	13:20,26 mín
Patrekur Ómar Haraldsson	Íslandsmeistari 14 ára pilta	600m haup innanhúss	98,54 sek
	Íslandsmeistari 14 ára pilta	800m hlaup utanhúss	2:24,15 mín
	Íslandsmeistari 14 ára pilta	2000m hlaup utanhúss	6:54,37 mín
Hansel Esono Adames	Íslandsmeistari 14 ára pilta	Hástökk innanúss	1,61 m
Gunnar Bergvin Árnason	Íslandsmeistari 13 ára pilta	Þristökk innanhúss	9,48 m
	Íslandsmeistari 13 ára pilta	Hástökk innanúss	1,46 m
	Íslandsmeistari 13 ára pilta	Þristökk utanhúss	9,71 m
Samúel Örn Sigurvínsson	Íslandsmeistari 14 ára pilta	Kúluvarp innanhúss	10,91 m
	Íslandsmeistari 14 ára pilta	80m hlaup utanhúss	9,69 sek
	Íslandsmeistari 14 ára pilta	300m hlaup utanhúss	40,98 sek
	Íslandsmeistari 14 ára pilta	kringlukast utanhúss	31,59 m
	Íslandsmeistari 14 ára pilta	kúluvarp utanhúss	11,78 m
Alexander Aron Bjarnason	Íslandsmeistari 13 ára pilta	800m hlaup utanhúss	3:01,17 mín
Eyrún Svala Gústafsdóttir	Íslandsmeistari 12 ára stúlkna	60 m hlaup innanhúss	9,08 sek
	Íslandsmeistari 12 ára stúlkna	400m hlaup utanhúss	66,89 sek
Lára Kristbjörg Þórarinsdóttir	Íslandsmeistari 13 ára stúlkna	Hástökk innanúss	1,44 m
Lóa Lind Óladóttir	Íslandsmeistari 13 ára stúlkna	kúluvarp utanhúss	10,31 m
Jón Arnar Auðunsson	Íslandsmeistari 13 ára pilta	spjótkast utanhúss	29,49 m
Ari Júlíus Ólason	Íslandsmeistari 11 ára pilta	spjótkast utanhúss	23,21 m
Lísa Laxdal	Íslandsmeistari 12 ára stúlkna	hástökk utanhúss	1,26 m
Alexander Már Bjarnþórsson	Íslandsmeistari karla (fatlaðir)	60m hlaup innanhúss	7,95 sek
	Íslandsmeistari karla (fatlaðir)	200m hlaup innanhúss	25,58 sek
	Íslandsmeistari karla (fatlaðir)	100m hlaup utanhúss	13,84 sek
	Íslandsmeistari karla (fatlaðir)	200m hlaup utanhúss	25,91 sek
	Íslandsmeistari karla (fatlaðir)	400m hlaup utanhúss	59,60 sek
Sveit Breiðabliks	Íslandsmeistari 18-19 ára pilta	4x200 m boðhlaup innanhúss	96,43 sek.
Sveit Breiðabliks	Íslandsmeistari 13 ára pilta	4x200 m boðhlaup innanhúss	2:09,13 sek.
Sveit Breiðabliks	Íslandsmeistari 12 ára stúlkna	4x200 m boðhlaup innanhúss	2:05:39 sek.
Sveit Breiðabliks	Íslandsmeistari 14 ára pilta	4x200 m boðhlaup innanhúss	1:49:00